

Nefndasvið Alþingis

b.t. efnahags og viðskiptanefndar

Austurstræti 8-10

101 Reykjavík

Reykjavík, 30. nóvember 2020

**Efni:** Umsögn um frumvarp til laga um viðspyrnustyrki (334. mál)

Samkvæmt fyrirleggjandi frumvarpi er viðspyrnustyrkjum fyrst og fremst ætlað að bæta rekstrarkostnað að hámarki 90% á tímabilinu 1. nóvember 2020 til 31. maí 2021, þó að hámarki 2.500.000 kr. á mánuði (miðað við 80-100% tekjufall) eða 2.000.000 kr. á mánuði (miðað við 60-80% tekjufall) í þeim mánuðum sem um ræðir og er þá horft á stöðugildi í hverjum mánuði fyrir sig að hámarki 5 í hverjum mánuði.

Fram til þessa hafa þau úrræði sem kynnt hafa verið af hálfu stjórnvalda helst gagnast þeim fyrirtækjum og rekstraraðilum *síst* þar sem hlutfall launakostnaðar af rekstrarkostnaði er hlutfallslega lítill. Um það atriði vísast til meðfylgjandi minnisblaðs.

Hvað varðar viðspyrnustyrkina kunna líkt og með önnur úrræði skilyrðið um tiltekin fjölda stöðugilda í hverjum mánuði að takmarka þá rekstraraðila sem falla undir úrræðið og hafa fá stöðugildi en háan rekstrarkostnað. Á þetta einkum við um minni rekstraraðila og einyrkja. Það er hins vegar til bóta ef horfa má á stöðugildi í sömu mánuðum á árinu 2019. Ekki virðist frumvarpið þó gera ráð fyrir því að horfa megi á stöðugildi almennra starfsmanna á árinu 2019 heldur þá aðila sem reikna sér endurgjald. Telja verður að slíkt eigi við um sjálfstætt starfandi einstaklinga með rekstur á eigin kennitölu og eins þá eigendur sem starfa við viðkomandi rekstur á grundvelli ráðandi eignarhluta síns. Hins vegar er þetta ekki með öllu ljóst en telja verður til bóta ef þessi atriði verði nánar skýrð í meðförðum Alþingis á fyrirleggjandi frumvarpi og yrði það til bóta ef horfa má almennt á stöðugildi í samanburðarmánuðunum á árinu 2019.

Fjöldi stöðugilda virðist hins vegar eftir sem áður vera takmarkandi þáttur fyrir styrk. Kann slíkt að leiða til þeirrar niðurstöðu að þeir rekstraraðilar þar sem launakostnaður er tiltölulega lítið hlutfall af rekstrarkostnaði fái þar með hlutfallslega lægri rekstrarkostnað bættan í formi styrks úr ríkissjóði en þeir aðilar þar sem launakostnaður er hærra hlutfall af rekstrarkostnaði. Í því sambandi má velta fyrir sér hvort slík niðurstaða stappi ekki nærri því að raska samkeppni á milli fyrirtækja.

Rekstrarform fyrirtækja er mismunandi og launakostnaður sem hlutfall af rekstrarkostnaði þar með einnig. Varðandi hótél og veitingastaði sem veita fremur mannaflsfreka þjónustu er algengt að hlutfall launakostnaðar af rekstrarkostnaði sé á bilinu 40-60% og falla því þessi fyrirtæki að því er virðist vel að úrræðinu um viðspyrnustyrki. Varðandi önnur fyrirtæki í ferðaþjónustu, t.d. fyrirtæki í afþreyingarþjónustu og varðandi ferðaskipulagningu er staðan hins vegar önnur.

Mörg fyrirtæki sem gera út á afþreyingu reiða sig oft á tíðum á aðkeypta verktaka í bland við launþega. Á þetta t.d. við um fyrirtæki sem gera út á íshellaferðir, jöklagöngur eða aðra afþreyingu þar sem afþreyingin er að hluta í formi leiðsagnar og aksturs. Launakostnaður þessara fyrirtækja nær því ekki í öllum tilvikum 10% af rekstrarkostnaði. Það sama á við um þau fyrirtæki sem skipuleggja ferðir fyrir ferðamenn, þ.e. einkum minni fyrirtæki sem gera út á þessa starfsemi. Stór hluti rekstrarkostnaðar þessara fyrirtækja felst t.d. í því að bóka og greiða fyrir hótél, flug og afþreyingu fyrir einstaklinga og hópa sem síðar kemur til endursölu. Stærsti hluti rekstrarkostnaðar felst því í slíkri aðkeyptri þjónustu.

Telja verður því eðlilegra m.t.t. jafnræðis að tekjufallsstyrkur verði upp að ákveðnu hámarki, t.d. 2.500.000 kr. eða 2.000.000 kr. á mánuði eftir því hversu mikið tekjufallið verður en þó aldrei hærri en 90% af rekstrarkostnaði óháð stöðugildum. Með því ættu öll fyrirtæki að standa við sama borð, þ.e. þegar horft er til styrksins sem hlutfall af rekstrarkostnaði óháð stöðugildum. Ef rekstraraðilar geta sýnt fram á rekstrarkostnað í viðkomandi mánuðum geta þau sótt um styrki upp á ákveðnu hámarki vegna þeirra.

Í ljósi alls framangreinds er lagt til að styrkur verði ekki takmarkaður við tiltekin fjölda stöðugilda í hverjum mánuði fyrir sig, heldur fremur takmarkaður við tiltekið hlutfall af rekstrarkostnaði en þó geti styrkur ekki orðið hærri en 2.000.000 kr. eða 2.500.000 kr. á mánuði eftir því hversu mikið tekjufall viðkomandi rekstraraðili verður fyrir á milli samanburðarmánaða. Verði ekki fallist á framangreinda tillögur er hins vegar lagt til að horfa megi á fjölda stöðugilda í viðkomandi starfsemi í samanburðarmánuðum á árinu 2019.

Virðingarfyllst

f.h. Samstöðu einyrkja og smærri fyrirtækja í ferðaþjónustu

Jóna Fanney Svavarsdóttir

Laufey Guðmundsdóttir

Reynir Már Sigurvinsson.

**Meðfylgjandi:** Minnisblað um úrræði stjórnvalda sem hafa ekki gagnast tilteknum hluta fyrirtækja